

Grímsey, 1. nóvember 2016

27. fundur hverfisráðs Grímseyjar

Jóhannes Gísli Henningsson formaður, Karen Nótt Halldórsdóttir ritari og Sigfús Jóhannesson.

Tillögur Grímseyinga um tilhögun ferjuferða í nýju útboði

Við höldum íbúafund í Grímsey þann 1. nóvember til þess að komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvers konar tilhögun á ferjusiglingum myndi henta best. Afar góð mæting var á fundinn og mættu nær allir sem heima voru staddir.

Við tókum mið af þeim þremur þáttum sem að hafa mest vægi þegar kemur að ákvörðunum um ferðir á milli.

Svo best sé gert þurfa ferðirnar að henta:

- Túrismanum
- Fiskflutningum
- Okkur

Okkar tillögur og óskir eru því eftirfarandi:

- Miðað við fjölgun um 52 ferðir á ári myndi henta þessum þáttum best að skipta þeim ekki jafnt á milli vikna heldur dreifa þeim miðað við þarfir á milli árstíða.

Þ.e:

- 3 ferðir í viku, eins og verið hefur, í október, nóvember, desember og janúar.

- 4 ferðir í viku febrúar, mars og apríl.

- 5 ferðir í viku maí, júní, júlí, ágúst og september.

Yfir háannatímam þegar 5 ferðir yrðu, stoppaði hún eins og verið hefur á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum, en þá daga sem aukaferðirnar yrðu, kæmi ferjan seinna (hefði þá tíma til að koma við í Hrísey) en færi héðan klukkan 16:00 eins og aðra daga. Einnig komu fram óskir um að önnur aukaferðin á sumrin væri á sunnudögum.

- Brottför ferjunnar á veturna verði almennt seinkað til kl. 14:00 á veturna. Auðvitað er skiljanlegt að fara fyrr ef veðurútlit er þannig en þetta yrði almenna reglan. Þannig yrði hægara að landa beint í ferjuna og fiskur kæmist ferskur í land.
- Sumir rauðir dagar verði endurskoðaðir. Það myndi t.d. skipta miklu að siglt væri á 2. í páskum, upp á ferðamennsku og skólahald, sem og þær fjölskyldur héðan sem kjósa að eyða páskunum hér en búa í landi.
- Fargjöld. Það er sjálfsögð krafa Grímseyinga að þeir sem hér hafa lögheimili fái frítt í ferjuna og taka má mið af því að allar aðrar almenningsangöngur í Akureyrarbæ eru fríar íbúum til handa. Við eigum afar bággt með að trúá því að það séu okkar fargjöld sem halda ferjunni uppi... Einnig finnst okkur sjálfsagt að frítt sé fyrir okkar bíla þar sem þetta er okkar þjóðvegur og það innan sama sveitarfélags.

Bestu kveðjur,

Fyrir hönd Grímseyinga

Karen Nótt Halldórsdóttir